

FRAMTÍÐARSKIPULAG OG STARFSEMI RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

Skýrsla og tillögur vinnuhóps

Inngangur

Vorið 2023 ákvað stjórn Rauða krossins á Íslandi að skipa hóp sem falið væri að „rýna núverandi fyrirkomulag félagsins og setja fram hugmyndir um skipulag og starfsemi Rauða krossins á Íslandi til framtíðar“. Tillögurnar eiga að styðja við ábyrgt, skilvirkt, árangursríkt og þarft starf í nærsamfélagi.

Þetta var gert í kjölfar umræðu um deildir, verkefni, erfiðleika við fjármögnun og starfið í heild sinni. Auk þessara þátta má merkja ákveðna þróun í umhverfi félagasamtaka og mannúðarstarfa sem gæti kallað á viðbrögð og áherslubreytingar af hálfu félagsins. Kröfur til sjálfböðinna starfa eru fjölbreyttari en áður, s.s. um aukinn sveigjanleika eins og að geta tengst ákveðnum málstað fremur en Rauða krossinum almennt sem getur leitt til áskorana þegar kemur að því að virkja fólk og fjármagn. Að sama skapi hafa flestar kröfur til félagasamtaka aukist, hvort sem um er að ræða lagalegar, faglegar, alþjóðlegar eða annars konar og gæta þarf þess að jafnvægi ríki milli fagvæðingar og grasrótastarfs. Ljóst er að Rauða krossinum ber að fylgja bæði lögum, reglum og stöðlum í starfi sínu samhliða því að tryggja þátttöku grasrótar í starfi félagsins og nýsköpun. Grasrótastarf og fagvæðing eru ekki andstæðir pólar heldur eru þessir þættir sterkastir þegar samþætting og jafnvægi ríkir þarna á milli. Þessu til viðbótar hefur Rauði krossinn ríka ábyrgð hvað varðar skilvirka og gagnsæja meðhöndlun fjármagns.

Í ljósi þessa er mikilvægt að skoða styrkleika og veikleika núverandi skipulags til að tryggja að félagið sé eins vel í stakk búið og mögulegt er til að takast á við núverandi og komandi mannúðarkrísur, jafnt innanlands sem á alþjóðavettvangi og hvaða breytingar, ef einhverjar, þarf að gera á starfsemi til að tryggja að svo sé.

Hópurinn skipa:

- Gréta María Grétarsdóttir, stjórnarmaður
- Ingibjörg Elín Halldórsdóttir, deildarstjóri Eyjarfjarðardeildar
- Jón Brynjar Birgisson, sviðsstjóri aðgerðarsviðs
- Margrét Gíslínudóttir, teymisstjóri gæðamála
- Sigríður Stefánsdóttir, varaformaður sem leiðir hópinn

Um störf hópsins

Hópurinn var skipaður 19. apríl 2023 og sett erindisbréf (sjá fylgiskjal 1), en þar kvað á um að hópnum væri falið að hafa víðtækt samráð við mismunandi einingar félagsins. Starf hófst um leið en í júní var erindisbréf endurskoðað að ósk hópsins. Breytingar í bréfinu sneru að tímamörkum, sem fljótt kom í ljós að voru of þröng. Framtíðarhópur hefur haldið 14 fundi þar af 4 vinnudaga, auk mikils samráðs og samskipta í tölvupósti og á sérstöku vefsvæði hópsins á Teams. Hópurinn hefur í starfi sínu haft víðtækt samráð og safnað miklum gögnum líkt og lagt var upp með í erindisbréfi.

Janúar 2024

Gagnasöfnun

Fundað var með rúmlega 60 fulltrúum frá 24 deildum af 29. Á öllum fundum var lagt upp með sömu umræðuefni og spurningar, umræður voru skráðar og farið yfir þær skráningar með fundargestum í fundalok (sjá upplegg í fylgiskjali 2). Unnið var úr niðurstöðum allra funda, spurningum svarað, rauðir þræðir skilgreindir og hvar skyldi á milli. Eftir úrvinnslu fundanna sem haldnir voru í maí og júní ákvað hópurinn að leggja þegar nokkrar ábendingar og tillögur fyrir stjórn og framkvæmdastjóra sem sjá má í fylgiskjali 3. Hópurinn taldi mikilvægt að koma þeim til skila til að tryggja umbætur á starfinu enda verkefni sem ekki eru háð því að breytingar verði á framtíðarskipulagi og var það gert í ágúst. Fundir sem haldnir voru með deildum um haustið, styrktu þær áherslur sem þegar voru komnar fram.

Í september voru útbúnar rafrænar skoðanakannanir og lagðar fyrir sjálfboðaliða og skráða félaga, þá sem ekki voru merktir hjá Þjóðskrá að þeir afþökkuðu slíkar kannanir. Samtals fengu 5300 sjálfboðaliðar og félagar kannanir sendar rafrænt og bárust 800 svör. Niðurstöður birtust jafn óðum fyrir lokaðar spurningar og unnið var úr opnum spurningum. Á vinnudegi starfsfólks 28. september var sagt frá starfi hópsins og unnið í hópa- og einstaklingsvinnu í SVÓT greiningu. Slíkt hið sama var gert á formannafundi í nóvember, þar sem þessi vinna var aðalefni fundarins. Unnið var úr öllum svörum. Spurningar í könnunum og upplegg á vinnufundum er að finna í fylgiskjölum 4 og 5.

Þegar upp er staðið hefur hópurinn náð samtali við tæplega 1000 einstaklinga úr öllum kimum félagsins. Fjölmargar ábendingar komu fram í samráðinu, sem nýst hafa vel í vinnu hópsins. Niðurstöður þessarar gagnasöfnunar má nýta í almennt umbótastarf félagsins.

Meirihluti ábendinga og umræðna varðaði þætti í starfi, fremur en skipulag félagsins. Því verða ekki eingöngu settar fram tillögur að sviðsmynd heldur einnig ýmsar aðrar tillögur sem ættu að stuðla að betra og skilvirkara starfi. Ásamt víðtæku samráði fór fram greining á fyrirbyggjandi gögnum og núverandi stöðu til að reyna að skilja félagið og stöðuna betur. Skipting verkefna, starfsfólks og sjálfboðaliða var eitt af því sem var teiknað upp í byrjun vinnunnar auk hugarkorts af núverandi verkefnafyrirkomulagi Rauða krossins (sjá fylgiskjal 6). Í fylgiskjali 7 er SVÓT greining á starfi Rauða krossins á Íslandi sem byggir á úrvinnslu svara frá deildum, sjálfboðaliðum, félögum og starfsfólki, þ.e heildræn SVÓT greining á öllu starfi Rauða krossins.

Fyrirliggjandi gögn sem stuðst var við eru:

1. Stefna Rauða krossins til 2030
2. Fagviðmið um gæði og ábyrgð í mannúðarstarfi
3. Lög Rauða krossins á Íslandi
4. Stefna í þróun og árangri og sjálfboðaliðamálum
5. Fyrirkomulag verkefnastjórnunnar í mannúðarstarfi og gæðaviðmið
6. Viðmið fyrir vel starfandi deildir

Helstu niðurstöður úr samráði

Þó að áherslur á milli þeirra hópa sem rætt var við hafi verið ólíkar, að sumu leyti, má greina svipaðar áskoranir. Hér er samantekt á þeim áskorunum sem hópurinn lagði upp með að finna lausn á og er þeim skipt upp í þrjú þemu.

Virkt og gefandi starf

- Deildir án starfsfólks eiga í erfiðleikum með að halda virkni og vera sýnilegar
- Áskoranir við að afla, þjálfa og halda utan um sjálfbolið
- Þörf fyrir að efla samstarf innan félags, bæði á milli deilda og milli deilda og landsskrifstofu
- Lítil fjölbreytni og nýliðun m.t.t. ungmenna, innflytjenda o.fl., skortur á inngildingu
- Skortur á nýsköpun og þróun, of gamaldags og flókið skipulag, skortur á sýnileika
- Betra aðgengi fyrir hinn almenna félagar til að taka þátt og hafa áhrif, opna félagið meira
- Of háð stjórnvöldum í verkefnavali – ekki óháð
- Skortur á skilningi landsskrifstofu á staðhættum í nærsamfélagi
- Fordómar og pólarisering, m.a. innan okkar raða

Starfsskilyrði stjórnarfólks og starfsfólks

- Skortur á þjálfun, stuðningi og utanumhaldi
- Áskoranir í upplýsingastreymi, erfitt að nálgast handbækur, upplýsingar og verkferla, skortur á tengingu og miðlægum upplýsingabrunni, skortur á gagnsæi í upplýsingastreymi
- Mikið álag og streita á starfsfólki, of mörg verkefni og of fátt fólk

Rekstur og stjórnun

- Skortur á árangursmiðaðri stjórnun, markmiðasetningu, áætlanagerð og árangursmælingum
- Skortur á fyrirsjáanleika í starfi og rekstri deilda.
- Tekjufall í óeyrnamerktu fjármagni
- Húsnæði víða sem henta illa starfsemi, orðin viðhaldsfræk t.d. Efstaleiti 9, Strandgata 24 og fleiri.

Ofangreindar áskoranir eru þær sem hópurinn leitast við að koma með lausnartillögur að. Aðrar ábendingar og áskoranir sem bárust til hópsins t.a.m. ábendingar á degi starfsfólks hefur verið komið á framfæri við hlutaðeigandi stjórnendur.

Tillögur að sviðsmynd og skipulagi félagsins

Gögn og þemu úr vinnunni leiddu til þeirrar niðurstöðu að endurskoðunar væri þörf á ýmsum sviðum. Þetta tekur til skipulags á starfmannasviði -*stjórnenda og starfsfólks*- bæði á landsskrifstofu og hjá deildum. Einnig til starfa deilda og stuðnings við þær og samstarfs þarna á milli. Tillögurnar ná einnig til fjölmargra annarra þátta í starfinu s.s. verkefna, sjálfbóðaliða, upplýsingastreymis, fræðslumála, stefnu, fjármála og fleiri þátta. Tillögunum er ætlað er að leysa úr áskorunum og betrubæta þá þætti sem komu upp í samráðsferlinu og eru nefndir hér að ofan.

Hópurinn telur að grunnur að styrkingu starfs og úrbótum skv. ábendingum sem koma margar fram sem rauðir þræðir hjá þeim ólíku hópum sem leitað var samráðs við, sé **endurskipulagning á starfi félagsins**. Endurskipulagning sem hefur í för með sér breytingar á stjórnun, starfsstöðvum, vinnu verkefna og skipulagi starfmannamála ekki síst til að tryggja stuðning við starfið um land allt. Markmið tillagnanna er að vinna að og efla ábyrgt, skilvirkt, árangursríkt og þarft starf Rauða krossins um allt land.

Deildir innan félagsins eru mjög mismunandi hvað varðar þætti eins og starfssvæði, fjölda verkefna sem unnið er að, fjölda sjálfbóðaliða og fjárhagsstöðu. Ekki síst er aðstaða þeirra til stuðnings frá ráðnu starfsfólki mjög ólík. Nokkrar deildir eru afar fámennar og starfið skortir virkni og þarf að skoða stöðu þeirra og starf sérstaklega. Deildirnar hafa mjög veigamiklu hlutverki að gegna og hafa sterka stöðu í lögum félagsins og ekki verða gerðar breytingar á fjölda þeirra án samráðs við þær. Hópurinn telur því að fyrsta skref í endurskipulagningu og styrkingu deilda eigi að vera að jafna aðstöðu þeirra og tryggja aðgang að stuðningi. Að því loknu er tímabært að skoða hvort skynsamlegt er og vilji er til að sameina deildir á einstökum svæðum.

Tillögurnar eru settar fram með eftirfarandi ramma í huga:

- Þörf fyrir og skylda til að halda uppi landsdekkandi starfi Rauða krossins á Íslandi
- Meginregla í þjónustu við notendur verði að vinna að einstökum verkefnum fari fram í nærsamfélagi í samvinnu við og með faglegum stuðningi frá sérfræðingum. Metið verði hvort einhver verkefni séu þess eðlis að skynsamlegt sé að stjórn þeirra verði hjá landsskrifstofu.
- Metið verði hvaða störf sem losna er hægt að auglýsa sem störf, án ákveðinnar staðsetningar, en sem tengjast samt einhverri af deildaskrifstofunum eða landsskrifstofu.
- Að kostnaður við breytingarnar verði ekki meiri heldur en félagið geti staðið undir.

Í október 2023 var öllum deildum félagsins útvegaður tengiliður á landsskrifstofu, þetta var gert til að liðka fyrir og efla upplýsingaflæði og stuðning við deildir og ætlað sem skref til bráðabirgða.

Skipulag og stjórnun félagsins

Breytingar á skipulagi félagsins sem hópurinn leggur til eru eftirfarandi:

1. Deildaskrifstofur

Deildaskrifstofur verði endurskipulagðar þannig að þar starfi starfsfólki sem ætlað er að sinna skilgreindum deildum á sínu starfssvæði. Deildarstjórar stýri daglegu starfi, starfsmannahaldi og rekstri deildaskrifstofa.

2. Skipulag og stjórnun verkefna á landsvísu

Landsskrifstofa verði endurskipulögð þannig að þar verði framkvæmdastjóri, sviðsstjórar, alþjóðleg verkefni og hugsanlega yfirstjórn verkefna sem nauðsynlegt þykir að séu framkvæmd af landsskrifstofu. Meginreglan er hins vegar sú að framkvæmd og daglegur rekstur verkefna fari fram hjá deildum/deildaskrifstofum. Fagleg stjórn, samhæfing og stuðningur við önnur verkefni verði á höndum og undir stjórn landsskrifstofu með þéttu samráði við deildaskrifstofur, en starfsfólk og stjórnendur þeirra verkefna geta verið staðsett á einhverri af deildaskrifstofum eða á landsskrifstofu.

3. Verkefnadrifin teymisvinna

Til að tryggja samhæfingu, samstarf og upplýsingastreymi á landsvísu verði sett á stofn verkefnateymi. Í verkefnateymum verða faglegir teymisstjórar/sérfræðingar, fulltrúar deildaskrifstofa og sjálfboðaliðahópa. Hlutverk faglegra teymisstjóra/sérfræðinga verði að koma þessum teymum á í samvinnu við deildaskrifstofur/deildir. Teymisstjórar/sérfræðingar í samráði við deildarstjóra og aðra lykilstarfsmenn setji fram faglega staðla og reglur þar sem þörf er á þeim. Þeir fylgi þessum stöðlum eftir, hafi eftirlit með að starfað sé samkvæmt þeim og að deildir og sjálfboðaliðar fái fræðslu um þá. Þess sé gætt að í reglum og viðmiðum sé nægilegt svigrúm til að vinna megi verkefni á ólíkan hátt eftir aðstæðum á hverjum stað. Einnig að gert sé ráð fyrir staðbundnu frumkvæði og tilraunastarfsemi – innan þess faglegra ramma sem gildir.

4. Starfsmannamál

Við endurskipulagningu félagsins verður óhjákvæmilega einhver breyting á starfsmannahaldi. Tilfærsla getur orðið milli starfstöðva og einnig á verkefnum og ábyrgðarsviði. Lögð er áhersla á að breytingar verði unnar í samstarfi við starfsfólk og starfsmannavelta verði notuð ef koma þarf á breytingum.


Tillögur að skipulagi, sem hér verður lagt fram ætti að uppfylla og tryggja að Rauði krossinn á Íslandi getir starfað sem eitt félag, með starfsemi um allt land, byggt á vel starfandi deildum, starfi sjálfboðaliða, faglegum vinnubrögðum og góðu upplýsingastreymi. Lykilstarfsfólk kemur að stjórn og verkefnum með stuðningi annars starfsfólks.

1. Deildaskrifstofur:

Deildaskrifstofur verði þannig að þær geti þjónað öllum deildum félagsins. Hópurinn leggur til að starfandi verði þrjár til fjórar deildaskrifstofur, en að starfsstöðvar geti verið fleiri.

- *Á höfuðborgarsvæði, Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi* verði starfandi tvær deildaskrifstofur, sem þjóni deildum á svæðinu öllu skv. nákvæmari útfærslu. Á svæðinu eru nú starfandi þrjár deildaskrifstofur, hjá höfuðborgarsvæðisdeild, hjá deildinni í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ og hjá Suðurnesjadeild.
- *Skrifstofa á Akureyri*, sem sinni Norðurlandi og Austurlandi. Á svæðinu er nú ein skrifstofa sem sinnir Eyjafjarðarðeild. Einnig eru starfsmenn í hlutastarfi hjá Þingeyjarsýsludeild, Múlasýsludeild og Fjarðabyggðardeild.
- *Skrifstofa á Ísafirði*, sem sinni öllum Vestfjörðum. Engin skrifstofa eða starfsmaður er nú á þessu svæði. Athugað verði hvort þessi skrifstofa verði skilgreind sem starfsstöð, sem rekin verði í tilraunaskyni í tvö ár í samstarfi landsskrifstofu og deilda á svæðinu. Meginviðfangsefni verði að byggja upp starf og efla neyðarvarnir, að styrkja deildarstarf og byggja upp ný verkefni í samræmi við þarfir og að afla sjálfbóðaliða. Lagt er til að kannaðir verði möguleikar að styrkja þetta verkefni af verkefnasjóði og að reglum verði breytt ef það reynist nauðsynlegt.

Innan starfshópsins eru skiptar skoðanir á því hvernig best er og eðlilegast að reka deildaskrifstofur. Sjá nánar í fylgiskjali 8. Ljóst er að fara þarf gaumgæfilega yfir rökstuðninginn og skiptingu kostnaðar og fjármögnunar. Einnig að ekki er hægt að gera breytingar á núverandi fyrirkomulagi nema í samvinnu við deildirnar. Hópurinn er því sammála um að leggja til að vinna verði sett í gang í samstarfi stjórnar, landsskrifstofu og deilda, bæði þeirra sem reka núverandi skrifstofur og annarra um rekstrarfyrirkomulag deildaskrifstofa. Íhuga þarf hvort sama fyrirkomulag þarf að vera við rekstur allra skrifstofanna. Lagt er til að þessi vinna hefjist snemma árs 2024 svo að mögulegt verði að hefja fljótlega einhvers konar þróunarvinnu.



Greiðsluþjónusta og ein kennitala

Lagt er til að á árinu 2024 verði allt greiðslubókhalld færð til fjármálasviðs, en samþykkt reikninga verði enn hjá fulltrúum deilda. Stjórn fjalli um og ákveði gjöld fyrir bókhaldsþjónustu eða hvort hún verður án kostnaðar fyrir deildir þegar þær fá allar þessa þjónustu. Skoðaðir verða kostir þess að bjóða fjármálaþjónustu félagsins út. Lagt er til að settur verði á fót hópur um fjármál og fjáröflun. Sá hópur hefur annað hlutverk en neðangreindur hópur um innleiðingu og fjármál tengd henni. Hlutverk og starf hópanna mun þó að líkindum skarast þannig að upplýsingastreymi og samráð er nauðsynlegt.

Stefnt verði að því í framtíðinni að félagið verði rekið á einni kennitölu og gert þannig upp. Samkvæmt álitni endurskoðanda er hér um veigameiri aðgerð að ræða heldur en í upphafi var talið. Rökstuðning endurskoðanda er að finna í fylgiskjali 9.

Aðrar tillögur óháðar framtíðarskipulagi

Hér koma aðrar tillögur sem hópurinn leggur til að stjórn Rauða krossins á Íslandi fylgi eftir óháð sviðsmynd og framtíðarskipulagi. Vinna við sumar tillögurnar getur hafist óháð því hvenær breyting á skipulagi félagsins hefst eða lýkur. Tillögur framtíðarhópsins eru til þess að gera Rauða krossinn betur í stakk búinn til að vinna að framgangi stefnu til 2030 þar sem unnið er að þremur markmiðum í gegnum sjö skilgreindar leiðir til árangurs. Aðrar tillögur en sviðsmynd eru settar upp út frá sjö leiðum til árangurs svo hægt sé að tengja þær við stefnuna með auðveldum hætti. Tillögurnar eru umbætur sem ætlað er að leysa úr áskorunum og betrumbæta þá þætti sem komu upp í samráðsferlinu og eru nefndir hér að ofan.

| Tillaga | Ábyrgð | Framkvæmd | Stefna |
|--|---------------------------------|---|---|
| Tryggt verði að allar deildir eigi ákveðinn tengilið hjá félaginu. Þær sem ekki eru með starfsfólk nú, fái tengilið, sem hægt er að leita til, til leiðsagnar og einnig hafi viðkomandi tengiliður frumkvæði að leiðbeiningum og öðru sambandi. | Framkvæmd astjóri | Haust 2023 Gildir þar til deildaskrifstofur taka við tengiliða- og samhæfingarhlutverki. | Leið 1: Öflugt hjálparstarf í nærsamfélagi |
| Svæðisbundið samstarf verði aukið t.d. með verkefnasamstarfi, námskeiðahald, samráði o.fl. | Deildir og deildaskrifstofur | 2024 | |
| Samband stjórnar og stjórnenda við deildir verði aukið t.d. með samráðs- og upplýsingafundum á netinu og heimsóknnum fulltrúa á fundi deilda. Gerð verði áætlun um þetta samráð og samband. | Stjórn Rauða krossins á Íslandi | 2024 | |
| Starf deilda verði borið saman við „viðmið um vel starfandi deildir“. Deildir þar sem starf er mjög veikt eða ekkert og þar sem jafnvel hefur komið fram áhugi eða yfirlýsingar um að sameinast nágrannadeild, verði aðstoðaðar í því ferli. Sjá fylgiskjal 10. | Sviðsstjóri aðgerðasviðs | 2024 | |
| Sameining og samvinna deilda. Skoðað verði hvort deildir sem starfa í miklu (landfræðilegu) nágrenni við aðrar deildir hafi hag og áhuga á meiri samvinnu og/eða sameiningu. Þær deildir verði aðstoðaðar við það. Ef skoðaðir eru möguleikar á sameiningu deilda, skulu hafðar í huga landfræðilegar fjarlægðir og samgöngur og að þess sé gætt að stjórnarfólk komi víða af starfssvæði. | Stjórn Rauða krossins á Íslandi | 2024 | |
| Ef illa gengur að halda uppi deildarstarfi á ákveðnum svæðum skal skoða hvort þar geta starfað verkefnahópar sem vinna að ákveðnum málefnum s.s. neyðarvörnum. | Deildir, Deildaskrifstofur, | 2024-25 | |

| | | | |
|--|--|------------|---|
| Þessir verkefnahópar geta bæði tengst öðrum deildum eða verið með tengingu beint við verkefnið á landsvísu. | Landsskrifstofa | | |
| <p>Fræðslumál: Lagt er til að fræðsluþáttur starfsins verði skipulagður og aukinn verulega t.d. með því að komið verði á starfi fræðslufulltrúa. Fræðslan verði fyrir sjálfboðaliða, deildarstjórnir, starfsfólk og almenning. Skipulagning hefjist árið 2024</p> <p>Dæmi um fræðslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Eftir aðalfundi deilda árið 2024 verði fræðsla fyrir nýjar deildarstjórnir um a) grunngildi Rauða krossins b) um fundarstörf, um skilafresti áætlana og reikninga og um samband við landsskrifstofu. - Fræðsla fyrir sjálfboðaliða: a) fræðsla um grunngildi Rauða krossins b) fræðsla tengd þeim verkefnum sem viðkomandi sjálfboðaliðar vinna. - Fræðsla fyrir alla um menningarlega fjölbreytni, fordóma og hvernig hægt er að vinna gegn þeim. | Stjórn og framkvæmdastjóri | Hefst 2024 | Leið 2: Virkt og gefandi starf sjálfboðaliða |
| Öflun og skráning sjálfboðaliða: Víða gengur erfiðlega að fá nægjanlegan fjölda sjálfboðaliða til starfa. Lögð verði áhersla á sjálfboðaliðaöflun og eflingu. Sjálfboðaliðastefna verði innleidd með fullnægjandi hætti. Þegar um tímabundið sjálfboðaliðastarf verði reynt að stuðla að því að finna ný verðug verkefni. | Landsskrifstofa og deildir | 2024 | |
| Allir sjálfboðaliðar eiga að vera skráðir hjá deild skv. lögum félagsins. Þar sem um er að ræða verkefni sem eru unnin miðlægt, getur þurft tvöfalda skráningu. (Einnig þegar sjálfboðaliðar vinna að verkefnum sem stjórnað er af annarri deild en á búsetusvæði.) Tryggja þarf að greiður aðgangur sé að listum um sjálfboðaliða bæði hjá þeim sem stjórna verkefnum og hjá heimadeildum. Gert verði áttak í að fara yfir lista um sjálfboðaliða og leiðrétta þá í samstarfi aðalskrifstofu og deilda. | Deildaskrifstofur og landsskrifstofa (sjálfboðaliðastjórnun) | 2024 | |
| Unnið verði að því að auka hlut ungs fólks og fólks af erlendum uppruna í starfi félagsins. Skoðað verði að setja upp sérstök verkefni fyrir yngra fólk eða koma á ungmennaráði. Þetta verði tengt tillögum um fræðslumál og öflunar sjálfboðaliða | Framkvæmdastjóri | Er hafið | |

| | | | |
|--|--------------------------|------------|---------------------------------------|
| og í samræmi við þær tillögur sem lagðar verða fram tengdar jafnrétti, vernd og þátttöku án aðgreiningar (PGI). | | | |
| Í tengslum við breytingar á skipulagi félagsins og styrkingu starfsstöðva um landið verði farið yfir tekjuskiptingu innan félagsins og möguleika og vilja deilda til að leggja fé til vegna hugsanlegra breytinga. | Stjórn | 2024 | Leið 3: Traust og ábyrgt félag |
| Hjá fulltrúum margra deilda kom fram vilji til að leggja til einstaklingsaðstoðar innanlands og að reglur þar um verði skýrðar. Sumar deildir eru í staðbundnu samstarfi um þetta, en formin eru mismunandi. Kynna þarf lög þar um fyrir deildum og útbúa betri upplýsingar hvað þetta varðar. Skoða má að setja einhvers konar ramma og lágmarksviðmið. | Sviðsstjóri aðgerðasviðs | 2024 | |
| Mjög margar ábendingar og athugasemdir komu fram um að félagið reiddi sig nú á tekjur frá Íslandsspilum - fjárhættuspilum, sem væri neikvætt og skaðaði ímynd félagsins. Kom fram/nefnt hjá öllum samráðshópum. Þessari ábendingu er komið á framfæri við stjórn. | Fjármálasvið | Á ekki við | |
| Lögð verði aukin áhersla á skipulögð vinnubrögð og áætlanagerð til lengri og skemmri tíma, gerð markmiða og mat á verkefnum (um þessi atriði komu sterkar ábendingar frá vinnudegi starfsfólks). Framkvæmdaáætlun verði gerð til þriggja ára með mælanlegum markmiðum. Verkefnaáætlanir og árangursmælikvarðar innleiddir í öll verkefni. Skýrsla til stjórnar einu sinni á ári hvar við stöndum. | Framkvæmd astjóri | 2024 | |
| Lögð verði áhersla á gott upplýsingastreymi – frá yfirstjórn til starfsfólks og deilda og frá deildum til baka, frá starfsfólki til sjálfboðaliða, félaga, almennings, fjölmiðla og á ljósvakamiðlum og heimasíðu. Upplýsingastreymi, boðleiðir og upplýsingastjórnun verði skipulögð og unnið að neðangreindum úrbótum samhliða því. Dæmi: Heimasíða félagsins verði efld sem upplýsingasíða, fyrir félaga, sjálfboðaliða, deildir og almenning. | Framkvæmd astjóri | 2024 | |

| | | | |
|---|-------------------|-----------------------|--|
| <p>Sýnileiki á samfélagsmiðlum verði aukinn.</p> <p>Fréttir sem nú eru sendar í pósti til Mannvina, verði einnig sendar til félaga og sjálfboðaliða.</p> <p>Samskipta- og kynningaráætlun útbúin fyrir samráð deilda og landsskrifstofu</p> | | | |
| <p>Störf án staðsetningar: Þegar starf losnar eða nýtt verður til verði metið hvort hægt er að vinna það á hvaða skrifstofu sem er eða hvort það þarf að vera á ákveðnum stað. Rökstuðningur fylgi.</p> | Framkvæmd astjórn | Við samþykkt tillagna | Leið 4: Skilvirkt net mannúðar |
| <p>Ábyrgðaraðili verði skipaður til að koma upp miðlægum upplýsingabrunni og gæðahandbók sem er aðgengileg öllum</p> | Framkvæmd astjóri | Hafið | |
| <p>Vakin er athygli á auknum fordómum og klofningi í umræðu í þjóðfélaginu, sem var meðal annars bent á sem möguleg ógn af starfsfólki á starfsfólksdegi. Að sama skapi komu slík viðhorf fram á deildarsamráðsfundum og í skoðanakönnunum. Þörf er á að bregðast við með því að fræða og skerpa á grunngildum.</p> <p>Sett verði stefna og aðgerðaáætlun í málsvarastarfi. Fræðsla verði aukin bæði innan félags og út á við. sjá tillögur í kafla um fræðslumál</p> | Framkvæmd astjóri | 2024 | |
| <p>Ábyrgðaraðili skipaður til að taka vefsíðuna í gegn m.v. núverandi þarfir</p> | Framkvæmd astjóri | 2024 | Leið 5: Málsvarar mannúðar |
| <p>Aukið verði við framboð vefnámskeiða, sjá kafla um fræðslumál</p> | Framkvæmd astjóri | 2024 | Leið 6: Stafræn tækni |
| <p>Öflun félaga. Reynt verði að fjölga félögum í Rauða krossinum, auka upplýsingagjöf til þeirra og þátt þeirra í starfi.</p> | Framkvæmd astjórn | 2024-25 | |
| <p>Mannvinum verði boðið að hluti af árlegri greiðslu renni til greiðslu félagsgjalds (þetta er háð því að árleg greiðsla sé hærri en félagsgjald)</p> | Stjórn | 2024 | Leið 7: Öflug og fjölbreytt fjáröflun |
| <p>Lagt er til að settur verði á fót hópur um fjármál, tekjur og fjáröflun Rauða krossins.</p> | Stjórn | Fyrri hluti árs 2024 | |

Innleiðing

Innleiðing – skipulag og aðrar tillögur: Undirbúningur hefjist sem fyrst á árinu 2024. Ráðið verði tímabundið í starf innleiðingarstjóra, sem vinni náið með hópi stjórnenda og starfsfólks sem stjórnar innleiðingu og breytingum. Hópurinn verði skipaður af stjórn Rauða krossins, skipaður fólki víða úr félaginu, sem vinni í samráði við stjórnendur, starfsfólk og deildir. Sennilegt er að breytingarnar sjálfar taki mislangan tíma. Sumar geta hafist fljótlega en aðrar, t.d. þær sem hafa í för með sér sameiningu skrifstofa og tilfærslu starfsfólks geta þurft lengri tíma.

Innleiðing – fjármál: Nauðsynlegt er að fara yfir núverandi tekjur og kostnað í öllu starfi Rauða krossins. Metið verði hvort og hvað tillögur muni kosta aukalega. Hugsanleg hagræðing verði skoðuð, ný og bætt tekjuöflun og hvort nýta megi fjármuni deilda til að auka starfsmannahald og bæta starf. Listað verði upp hvernig hlutfall sjálfbóðaliða og starfsfólks er í verkefnum og farið yfir hvort og hvaða verkefni sem nú eru unnin af launuðu starfsfólki verði hægt að sinna meira með starfi sjálfbóðaliða.

Í „öðrum tillögum óháðum framtíðarskipulagi“ er lagt til að settur verði á fót hópur um fjármál og fjáröflun. Sá hópur hefur annað hlutverk en ofangreindur hópur um innleiðingu og fjármál tengd henni. Hlutverk og starf hópanna mun þó að líkindum skarast þannig að upplýsingastreymi og samráð er nauðsynlegt.

Lokaorð

Í erindisbréfi og í starfi hópsins hefur verið talað um framtíðarskipulag. Hópurinn bendir á að skipulag og tillögur um starf verða ekki sett fram og ákveðin í eitt skipti fyrir öll. Mikill sveigjanleiki þarf að vera í starfi Rauða krossins og skipulagi þannig að félagið geti brugðist við þörfum, áskorunum og fjárhagslegri getu á hverju tíma.

Hópurinn hefði getað unnið enn lengur og gengið lengra í útfærslum. Hann telur það aftur á móti hluta af næsta stigi, innleiðingarferlinu og hvetur til að í því ferli verði einnig víðtæk samvinna, samráð og gott upplýsingaflæði við sjálfbóðaliða og starfsfólk úr öllum kimum félagsins. Jafnframt leggur hópurinn áherslu á að vilji er innan hans til að veita ráðgjöf og upplýsingar varðandi ofangreint starf hópsins til þeirra aðila sem munu vinna að innleiðingu breytinga.

Þau sem hópurinn skipa þakka það traust sem þeim var sýnt og þakka öllum þeim þeim sem þau hafa átt samvinnu og viðræður við og hafa lagt fram góðar hugmyndir og ábendingar á starfstímanum.

Fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1: Erindis- og skipunarbréf í vinnuhóp
- Fylgiskjal 2: Upplegg á samráðsfundum með deildarstjórnnum
- Fylgiskjal 3: Minnisblað fyrir stjórn og framkvæmdastjóra
- Fylgiskjal 4: Spurningar í könnun til félaga og sjálfboðaliða
- Fylgiskjal 5: Dagskrá á formannafundi og degi starfsfólks
- Fylgiskjal 6: Hugarkort
- Fylgiskjal 7: Heildræn SVÓT greining á starfi Rauða krossins
- Fylgiskjal 8: Rökstuðningur vegna deildaskrifstofa
- Fylgiskjal 9: Rökstuðningur endurskoðenda
- Fylgiskjal 10: Viðmið fyrir vel starfandi deild
- Fylgiskjal 11: Tillögur að sviðsmyndum